

Vörslufé/geymslufjárreikningar

Vörslufé, geymslufé, tryggingar eða aðrir fjármunir sem eru í vörslu stofnana og embætta ríkisins skal færa upp með sérstökum hætti í bókhaldi. Allt vörslufé skal færa í bókhaldi.

Með vörslufé er átt við fjármuni sem stofnanir og embætti ríkissjóðs eru með í vörslu sinni og eru utan við hefðbundinn rekstur og umsýslu stofnunarinnar. Vörslufé telst ekki til handbærs fjár viðkomandi stofnunar heldur er hér um vörslu og umsjón fyrir annan aðila að ræða.

Undantekningarlaust skulu allir bankareikningar á nafni og kennitölu stofnunar og embætta ríkissjóðs koma fram í bókhaldi þeirra. Vörslufé skal geyma á bankareikningum og skal fært í bókhaldi til eignar á tegund 12191 og með mótfærslu á tegund 22191 með sérstakri gervikennitölu á báðum tegundum. Þegar gervikennitalan er stofnuð verður að skrá númer banka og bankareiknings ásamt nafni eigenda vörslufjárins í textasvæði.

Hjá stofnunum sem halda vörslufé skal vera til skrifleg greinargerð þar sem fram kemur af hverju stofnunin er með vörslufé á sínum vegum, hver eigandi sé, hver tilgangurinn sé, vörslutími, bókunarmedferð og uppgjör.

Í lok árs skal ganga frá afstemmingu á vörslufjárreikningi með sama hætti og með almenna bankareikninga. Vaxtatekjur og fjármagnstekjuskatt af þeim skal færa milli tegunda 12191 og 22191 en ekki um rekstur stofnunarinnar, nema ef um annað hefur verið samið. Í lok árs á staðan á tegund 12191 að vera sú sama og fram kemur á reikningsyfirliti frá banka, jafnframt á hún að koma fram á tegund 22191 en með öfugu formerki.

1. Innheimta skatta og annarra gjalda til ríkissjóðs og innheimta fyrir aðra hjá stofnunum sem mynda inneignir á bankareikningum teljast ekki til vörslufjár.
2. Það telst vörslufé þegar stofnun hefur milligöngu eða er með umsýslu á fjármunum t.d. vegna skipunar bústjóra vegna gjaldþrota, söluandvirði vegna uppboða o.fl. Hér er eingöngu um að ræða sýslumenn og héraðsdómstóla.
3. Vörslufé telst það þegar stofnun hefur verið falið í umboði norræns samstarfs eða er í alþjóðlegu samstarfi til að annast greiðslu styrkja og annað því tengt. Ef stofnunin tekur þóknun fyrir umsýslu skal færa hana til tekna. Ef stofnun greiðir ákveðinn kostnað skal færa þann kostnað til gjalda og tekjufæra úttekt af vörslureikningi á móti sem framlag (tekjur) frá erlendum aðilum.
4. Það telst ekki til vörslufjár þegar stofnun fær styrk til rekstrar eða ákveðins verkefnis.
5. Bankabækur og sjóðir sem eru á annarri kennitölu en stofnunarinnar og eru í vörslu hennar skal færa í bókhaldi stofnunarinnar sem vörslufé.
6. Vísindastyrkir (verkefnatengdir) sem veittir eru til einstakra starfsmanna stofnunar og styrkirnir greiddir til stofnunarinnar en ekki starfsmanns skal fara með sem vörslufé. Þegar ráðstöfun á þessum styrkjum fer fram, yfirleitt í formi reikninga frá viðkomandi starfsmanni, skal gjaldfæra kostnaðinn í bókhaldi samhliða því að úttekt af vörslureikningi er tekjufærð sem styrkur.